

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið  
Borgartún 26  
105 Reykjavík

Sent í gegnum samráðsgátt

Reykjavík, 21.júní 2024

## Drög að flokkun fimm virkjunarkosta – mál nr. S-114/2024

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér fyrirbyggjandi drög verkefnisstjórnar rammaáætlunar að flokkun fimm virkjunarkosta. Landvernd vill, í ljósi þess hve mörg stór mál / margir virkjanakostir eru lagðir hér undir í einu lagi, gera alvarlegar athugasemdir við þann þrönga umsagnartíma sem er gefinn. Það að fjalla um svo marga virkjunarkosti í einu með jafn lítinn tímafrest er amk. ekki til þess fallið að hægt sé að rýna hvern og einn virkjunarkost eins og vera skyldi á sama tíma.

Landvernd fagnar löngu tímabærri niðurstöðu um að áformuð virkjun Hamarsár skuli slegin af og lagt til að svæðið verði sett í verndarflokk. Segja má að með þessari ákvörðun hafi tekist að hlífa því takmarkaða svæði sem eftir stendur á Hraunum sem telja má lítt snortið. Fyrir liggur að svæðinu innar á Hraunum, þar sem svokallaðar Hraunaveitur og svo Háslón í framhaldi hafa verið byggð hefur þegar verið raskað stórkostlega vegna virkjana. Eins og fram kemur í skýrslu verkefnisstjórnar liggur fyrir að verðmæti svæðisins er gríðarlega mikið út frá náttúrufari.

Margar rangfærslur hafa komið fram í umræðu sem tengist frekari virkjunum á hálendi Austurlands og þar með talið Hamarsvirkjun. Í öðrum umsögnum sem sjá má hér í samráðsgátt um málið ber t.d. við að því sé haldið fram að viðkomandi umsagnaraðilar kannist ekki við deilur eða að til staðar séu áhyggjur af hugsanlegum klofningi í samfélögunum fyrir austan. Þetta er beinlínis rangt því staðreyndin er sú að í viðtölum við fólk á svæðinu þegar skýrsla verkefnisstjórnar var unnin komu skýrt og endurtekið fram áhyggjur um klofning. Hræðsla fólks í samfélaginu um klofning koma til af biturri og langvarandi deilu vegna langstærstu virkjanaframkvæmda Íslandssögunnar ekki fjarri upptökum Hamarsár. Félagar í Náttúruverndarsamtökum Austurlands og fjölmargir aðrir íbúar á Austurlandi bera enn þann dag í dag sár eftir þær deilur. Í því ljósi eru áform um Hamarsvirkjun ógn við samfélagið og að sama skapi ógn við þann part af Hraunasvæðinu sem nú fær vel að merkja að standa óraskaður.

### Aðgengi að hálendinu og mat á verndargildi svæðisins

Partur af áformum um Hamarsvirkjun felast í því að leggja vegi og brýr langar leiðir inn Hamarsdal yfir ósnortið og einstakt landslag og svo áfram og upp og inn á sameiginlegar þjóðlendur á Hraunum. Einn helsti náttúrufarssérfræðingur sem Austurland hefur haft á að skipa, Skarphéðinn Þórisson á Náttúrustofu Austurlands sem lést langt fyrir aldur fram á síðasta ári, vaktaði Hraunasvæðið allt og þekkti eins og lófann á sér.

Hann vaktaði meðal annars allt upptakasvæði Hamarsár um langt árabíl ásamt Hraunasvæðinu öllu og heiðarlendum Austurlands. Enginn einn einstaklingur eða náttúrufræðingur hefur litið þetta áformaða virkjanasvæði oftast en einmitt sérfræðingurinn Skarphéðinn sem ferðaðist þar um oftast en ekki á

eftirlitsflugi en einnig á jörðu niðri.



Afstaða Skarphéðins til áformaðrar Hamarsvirkjunar var skýr og eindregin, en hann taldi með öllu óhugsandi út frá náttúrufari, landslagi og lífríki að ráðast í virkjanaframkvæmdir á þessu svæði. Þá er rétt að geta þess að það ríkir ekki orkuskortur á Austurlandi enda er þar til staðar mesta raforkuframleiðsla á hvern íbúa í öllum samanburði á heimsvísu.

Stjórn Landverndar fagnar því endurtekið hér að svæði umkringis áformaða Hamarsvirkjun sé nú verndað til framtíðar.

### **Virkjanakostir í nýtingu**

Eins og fram kemur í inngangi gerir Landvernd alvarlega athugasemd við þann tímafrest sem gefinn var til umráða við umsagnarskrif þessi ekki síst í ljósi þess fjölda virkjana sem er undir í einu og sama málinu. Vegna þessa vill Landvernd áskilja sér rétt til að gera athugasemdir á síðari stigum vegna þeirra virkjunarkosta sem mælt er með í nýtingarflokk. Landvernd leggur áherslu á að náttúran fái að njóta vafans.

*Með vinsemd og virðingu*

*Þorgerður María Þorbjarnardóttir,  
formaður Landverndar*